

Mál 17/2019

Miðvikudaginn 14. ágúst, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 17/2019

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (Hundaræktarfélags Íslands) sem barst siðanefnd 25.3.2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hafi gerst brotleg við reglugerð um ættbókarskráningu þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 8.12.2018 hafi komið í ljós að tík A var ekki með gilt augnvottorð við pörun með rakkanum B. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 19.6.2019 og henni gefinn andmælafrestur til 17.7.2019. Kærða svaraði efnislega og fór yfir sérstakar aðstæður áður en brotið hafði átt sér stað. Öll vottorð og niðurstöður (eftirá tekin) voru tekin gild og hafa öll afkvæmi verið ættbókarfærð. Ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 8.12.2018 hafi komið í ljós að tík A var ekki með gilt augnvottorð við pörun með rakkanum B en skv. reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ þurfa þær að vera til staðar. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ. Tíkin er af kyninu Labrador Retriever og er í eigu kærðu.

### III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir pörun um heilsufarskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina: Labrador Retriever

*Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun. Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. Greinist hundur með mjaðma- og/eða olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók. 15 Eftirtaldar tegundir: Labrador retriever, Chesapeake Bay retriever, Nova Scotia Duck Tolling retriever og Golden retriever verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fái skráðir í ættbók HRFÍ. Eftirfarandi gildir um Golden retriever: Öll undaneldisdýr skulu DNA prófuð fyrir prcd - PRA og GR\_PRA1 og greiningin sé Normal/Clear (N/C) eða séu sannanlega ekki sýkt vegna erfða frá foreldrum, Normal/Clear by parentage (N/C/P). Eftirfarandi gildir um Golden retriever: Öll undaneldisdýr skulu DNA prófuð fyrir GR\_PRA1 og GR\_PRA2 og greiningin sé Normal/Clear (N/C) eða séu sannanlega ekki sýkt vegna erfða frá foreldrum, Normal/Clear by parentage (N/C/P).*

Kærða svaraði efnislega kæru siðanefndar og fór þar yfir sérstakar aðstæður mánuðina fyrir þörun. Siðanefnd hefur samúð með afar erfiðum aðstæðum en óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tilskilin vottorð lágu ekki fyrir við þörun en slík vottorð eru gögn sem eru áskilin um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að þau liggi fyrir við þörun til þess að tryggja sé að hundurinn beri ekki með sér erfðagalla eða sjúkdóma. Það breytir ekki brotinu að hundurinn hafi staðist skoðun eftir, það var ekki fyrirséð og telst kærða því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

#### IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

F.h. siðanefndar

---

Klara Símonardóttir

---

Anna D. Hermannsdóttir

---

Ásta María Karlsdóttir